

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 2018 í máli nr. E-2177/2017:

**Karl Jóhannsson**

*(Jón Magnússon lögmaður)*

**gegn íslenska ríkinu**

*(Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður)*

## I. Kröfur

Mál þetta var þingfest 29. júní 2017 en dómtekið 4. september 2018. Stefnandi, Karl Löve Jóhannsson, krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 35.000.000 kr., ásamt vöxtum samkvæmt II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 22. mars 2013 til 1. júlí 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og leggist dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. júlí 2018, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál samkvæmt mati dómsins.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðrar og lægri bætur en krafist er samkvæmt aðalkröfu, að mati dómsins ásamt vöxtum samkvæmt II. kafla laga nr. 38/2001 frá 22. mars 2013 til 1. febrúar 2017 en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags og þannig að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 1. febrúar 2018, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Stefndi sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## II. Málavextir

Með bréfi 11. nóvember 2009 tilkynnti Seðlabanki Íslands Fjármálaeftirlitinu, samkvæmt 15. gr. a í lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, grun um brot fjögurra nafngreindra manna, þ.á m. stefnanda, sem allir tengdust félaginu Aserta AB. Í tilkynningunni segir að grunur leiki á að félagið hafi haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti í andstöðu við 8. gr. laga um gjaldeyrismál. Í lagaákvæðinu er mælt fyrir um að öðrum en Seðlabanka Íslands sé óheimilt að hafa milligöngu um

gjalddeyrisviðskipti og versla með erlendan gjalddeyri nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum. Um skilgreiningu á því hvað felist í milligöngu í gjalddeyrisviðskiptum var vísað til 1. gr. reglugerðar nr. 679/1994.

Í tilkynningunni var einnig vísað til þess að starfsemin kynni að brjóta gegn 3. gr. og 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögnum. Í síðarnefnda ákvæðinu var mælt fyrir um að fram til 30. nóvember 2010 væri Seðlabanka Íslands heimilt að ákveða að gefa út reglur, að fengnu samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjalddeyrisviðskipti sem tengjast þeim ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valdi að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Meðal fjármagnshreyfinga sem bankanum var heimilt að stöðva samkvæmt ákvæðinu voru innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum og inn- og útflutningur innlands og erlends gjalddeyris, sbr. 2. og 4. tölul. 1. mgr. ákvæðisins.

Reglur nr. 1130/2008, um gjalddeyrismál, voru gefnar út og birtar 15. desember 2008, með stoð í þessu bráðabirgðaákvæði og með þeim felldar úr gildi eldri reglur um sama efni, nr. 1082/2008, sbr. 15. gr. þeirra. Reglurnar voru birtar samdægurs í B-deild Stjórnartíðinda. Í fréttatilkynningu kom fram að hinar nýju reglur væru gefnar út að fengnu samþykki viðskiptaráðherra. Í málinu er hins vegar ágreiningslaust að slíkt samþykki ráðherra lá þá ekki fyrir.

Í tilkynningu Seðlabankans kemur jafnframt fram að gögn málsins bendi til að umsvif Aserta AB hafi numið verulega háum fjárhæðum. Á tímabilinu 25. mars 2008 til 5. október 2009 hafi inn- og útborganir inn á innlenda reikninga félagsins numið ríflega 13 milljörðum króna og að mismunur inn- og útborgana hafi verið um 73 milljónir á sama tímabili. Sá mismunur, auk greiðslna sem stefnandi og samstarfsmenn hans hafi fengið greidda inn á reikninga sína nemi tæplega 216 milljónum króna en grunur leiki á að ágóðinn sé að stærstum hluta geymdur á erlendum bankareikningum félagsins sem þörf sé á að kanna nánar. Þá er því lýst að heildarinnstreymi erlends gjalddeyris sem skipt hafi verið í íslenskar krónur á gjalddeyrismarkaði hér á landi á því tímabili sem var til rannsóknar hafi numið tæplega 193 milljörðum króna. Segir jafnframt að sé gert ráð fyrir að innborganir á reikninga Aserta endurspegli þann erlenda gjalddeyri sem sé skilaskyldur hér á landi megi ætla að umfang starfsemi félagsins nemi um 6,82% af heildarveltu alls markaðarins.

Með bréfi, dags. 19. nóvember 2009, kærði Fjármálaeftirlitið þessi meintu brot til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra en henni til grundvallar lágu samskipti

Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands sem á þeim tíma önnuðust í sameiningu eftirlit með lögunum samkvæmt ákveðinni verkaskiptingu, sbr. samstarfssamning frá 26. júní 2009.

Í framhaldinu hóf efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsókn sakamáls á grundvelli tilkynningarinnar og var yfirmaður rannsóknarinnar Helgi Magnús Gunnarsson, síðar vararíkissaksóknari. Við rannsóknina var gripið til ýmissa rannsóknaraðgerða og tryggingaráðstafana gagnvart stefnanda.

Stefnandi var handtekinn að morgni 29. janúar 2010 en sama dag var gerð húsleit á starfsstöð Aserta hérlandis og á heimili stefnanda að Goðatúni 19 í Garðabæ í því skyni að haldleggja skjöl og önnur sönnunargögn sem tengdust rannsókn málsins. Þá var gerð leit í tveimur bifreiðum sem skráðar voru sem eign stefnanda. Jafnframt voru haldlögð gögn í vörslum Símans hf. á tímabilinu 1. janúar 2009 til 28. janúar 2010 sem vörðuðu Aserta AB, önnur félög tengd því félagi, sem og stefnanda sjálfan. Stefnanda var sleppt að kvöldi sama dags að yfirheyrslu lokinni. Að kröfu lögreglu kyrrsetti sýslumaður hins vegar tilteknar eigur stefnanda til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar, sekta og upptöku ávinnings en þar var um að ræða eignarhluta hans í fasteign að Goðatúni, ökutæki og innstæðu á bankareikningi í Arion banka

Sama dag boðaði embætti ríkislögreglustjóra til blaðamannafundar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans þar sem greint var frá fyrnefndum rannsóknaraðgerðum. Á fundinum var upplýst opinberlega að rannsókn málsins beindist að félaginu Aserta AB sem skrásett væri í Svíþjóð og fjórum einstaklingum hérlandis sem væru taldir tengjast því félagi og hefðu raunverulega stjórn á því, en fyrir félaginu væru skráðir tveir einstaklingar, annar með vegabréf Guernsey og annar franskur sem starfaði í félagi sem væri skráð í Genf í Sviss. Það væri sú skráning sem hefði verið á félaginu að undanförunu en fjórmeningarnir sem væru til rannsóknar væru í fyrirsvari fyrir félagið gagnvart banka erlendis. Þeir hafi stofnað félagið og átt það fram eftir síðasta ári og væru taldir vera raunverulegir eigendur þess. Þessir fjórmeningar voru ekki nafngreindir á fundinum en af gögnum málsins er ljóst að stefnandi var í þessum hópi. Á fundinum kom einnig fram að þá um daginn hefði lögregla gert leit á heimilum fjórmeninganna og starfsstöð félagsins og að unnið hefði verið að því að tryggja upptöku ávinnings af ætluðum brotum með kyrrsetningu hér og erlendis. Þrír væru í haldi og í yfirheyrslum en að lögregla myndi mæla sér mót við þann fjórða sama dag.

Í máli Helga Magnússonar á blaðamannafundinum, þá saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, kom fram að þau brot sem væru til skoðunar vörðuðu fyrst og fremst ólögmeða miðlun á gjaldeyri. Það væri háð leyfi

Seðlabankans að hafa milligöngu um miðlun gjaldeyris og viðskiptin sem um ræddi væru umfangsmikil og líkleg til að hafa haft neikvæð áhrif tilraunir stjórnvalda og Seðlabankans til að vinna gegn veikingu krónunnar. Tók Helgi fram í upphafi fundarins að hann væri að lýsa rannsóknarefni málsins, rannsókn væri nýhafin en það væru sterkar grunsemdir um að brotin væru með þessum hætti. Í máli Helga kom fram að rannsakendur hefðu „vísbendingar eða sannanir fyrir því að“ félagið Aserta AB hefði átt í samskiptum við um það bil 100 viðskiptavini hér á landi um móttöku þessara íslensku króna sem væri þá væntanlega andvirði þessa erlenda gjaldeyris sem hefði verið skipt erlendis.

Frekari fyrirspurnum fjölmiðlamanna um hverjir hefðu staðið að brotunum svaraði Helgi á þann veg að hann vildi „sem minnst upplýsa um persónulega hagi þessara einstaklinga sem slíkra“, enda væri það „hefðbundið að vera ekki að nafngreina menn í tengslum við rannsókn mála sem þessara“. Þá kom fram í máli hans á fundinum að „grunsemdir [væru] svona almennt í þessum málum“ og að menn skyldu „kannski ekki sakfella [sakborninga] strax.“ Sakborningarnir gætu „átt yfir höfði sér skilaskyldubrot sem [gætu] varðað tveggja ára fangelsi“ ef um slíkt brot væri að ræða en þetta „[væri] náttúrulega kannski ekki alveg svart og hvítt“ og það ætti eftir að koma í ljós hvernig hefði verið staðið að þessu. Á fundinum var síðan fjallað um millifærslur þessara aðila en um þær sagði Helgi á fundinum:

„Og svo kann að vera að rannsóknin leiði það í ljós að eitthvað af þessum millifærslum séu kannski ekki tengdar grunsemdum okkar um brot eða einhver önnur viðskipti á bak við það. Ég ætla ekki að fara úttala mig um það. En vísbendingarnar eru mjög sterkar um að þetta sé meira og minna viðskipti með gjaldeyri sem standa þarna á bak við.“

Embætti sérstaks saksóknara tók síðan við rannsókn málsins af efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra frá 1. september 2011, sbr. lög nr. 82/2011. Í kjölfar dóma Hæstaréttar 25. janúar 2012 í málum nr. 682-685/2011 var kyrrsetningunni sem gerð hafði verið í eignum stefnanda aflétt. Stefnandi var síðan yfirheyrður tvívegis aftur á meðan á rannsókn málsins stóð, 14. júní og 29. nóvember 2012.

Rannsókn embættisins lauk 22. janúar 2013 og var ákæra gefin út 22. mars 2013 á hendur stefnanda og þremur meðákærðu. Eftir að rannsókn málsins lauk fór embætti sérstaks saksóknara fram á að eignarhlutur stefnanda í fasteigninni að Goðatúni 19 yrði kyrrsettur á ný auk þess sem embættið tók ákvörðun um að haldleggja hluta af innstæðu á bankareikningi stefnanda í Íslandsbanka til tryggingar kröfum um upptöku ávinnings.

Í ákærinni var stefnda og meðákærðu gefið að sök að hafa í sameiningu á tímabilinu 25. mars til 2. nóvember 2009 haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér

á landi án lögmætrar heimildar eða leyfis frá Seðlabanka Íslands. Með því voru þeir taldir hafa brotið gegn 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. 186. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er tók til tímabilsins 25. mars til 13. júlí 2009 en frá þeim tíma til 2. nóvember s.á. var háttsemin sögð varða við 1. mgr. 8. gr. sbr. 3. tölul. 16. gr. laga nr. 87/1992. Þá var þeim jafnframt gefið að sök að hafa á sama tímabili staðið að ólögmætum gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga á milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi. Var þessi háttsemi sögð varða við 4. mgr. 1. gr., sbr. 13. gr. reglna um gjaldeyrismál nr. 1130/2008, sbr. 1. mgr. sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis I og 16. gr. áðurnefndra laga um gjaldeyrismál en vegna tímabilsins 31. október til 2. nóvember hafi þessi háttsemi varðað við 2. og 3. gr., sbr. 16. gr. reglna nr. 880/2009, um gjaldeyrismál, sbr. sömu málsgreinar bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992.

Undir rekstri sakamálsins féll ákærvaldið frá þeim hluta ákærunnar sem laut að gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga á milli landa, þ.e. þeim hluta ákærunnar sem ákærvaldið taldi varða við bann samkvæmt reglum Seðlabankans. Ástæðan var sú að í ljós hafði komið að reglur Seðlabankans nr. 1130/2009 höfðu ekki verið samþykktar af ráðherra, svo sem áskilið var í lögum, sbr. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 87/1992. Taldi ákærvaldið því vafa leika á því að viðhlítandi refsheimild væri til staðar hvað þennan ákærulið varðaði.

Með dómi Héraðsdóms Reykjanes 18. desember 2014 voru stefnandi og meðákærðu sýknaðir af þeim ákærulið sem eftir stóð og laut að broti gegn banni við milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi án viðeigandi heimildar. Í niðurstöðu héraðsdóms segir að stefnandi og meðákærðu hafi átt gjaldeyrisviðskipti með því að kaupa íslenskar krónur af erlendum fjármálafyrirtækum fyrir erlendan gjaldeyri sem mótaðilar þeirra hafi lagt inn á gjaldeyrisreikning í nafni Aserta í Svíþjóð. Í því hafi hin eiginlegu gjaldeyrisviðskipti þeirra falist og þau viðskipti hafi ekki farið fram hér á landi. Sá þáttur í starfsemi félagsins sem hafi falist í því flytja krónurnar til Íslands hafi ekki verið refsiverður á þeim tíma sem skipti máli. Er í niðurstöðu dómsins jafnframt tekið fram að engar teljandi skorður hafi verið reistar við slíkum fjármagnsflutningum á umræddum tíma og jafnframt tekið fram að ekki sé unnt að refsa fyrir brot á reglum nr. 1130/2008 vegna framangreindra annmarka á setningu þeirra reglna.

Sýknudómi héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar en 18. febrúar 2016 ákvað ákærvaldið að falla frá áfrýjuninni. Í umsögn ríkissaksóknara til ríkislögmanns frá 15. ágúst 2017 sem aflað var í tilefni af rekstri þessa máls segir að ákvörðun um áfrýjun málsins hafi verið tekin að eftir ítarlega yfirferð málgagna og dóms héraðsdóms og á þeim grundvelli að ríkissaksóknari taldi ákærða hafa

verið ranglega sýknaða, sbr. 2. másl. 1. mgr. 198. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Í bréfinu vísar ríkissaksóknari á bug þeirri fullyrðingu stefnanda að áfrýjun málsins hafi einungis verið vegna eindregins vilja ákærvaldsins að tefja lyktir þess. Í bréfinu kemur þó fram að sökum erfiðrar verkefnastöðu við embætti ríkissaksóknara á árinu 2015 hafi orðið all-nokkur dráttur á afhendingu málgagna til Hæstaréttar sem hafi verið miður.

### **III. Málsástæður aðila**

#### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir á því að rannsókn gagnvart honum, meðákærðu og fyrirtæki sem hann var hluthafi í og starfaði við Aserta AB í Svíþjóð hafi verið tilefnislaus. Í upphaflegri kæru og ákæru hafi verið byggt á því að stefnandi hefði brotið gegn lagagrein sem varðaði gjaldeyrisviðskipti á Íslandi þrátt fyrir að í kærinni svo og í ákæru hafi komið skýrt fram að gjaldeyrisviðskiptin hefðu farið fram erlendis. Sú óumdeilda staðreynd frá upphafi rannsóknar málsins, að gjaldeyrisviðskiptin höfðu farið fram í Svíþjóð, hefði síðan leitt til sýknudóms í málinu. Stefnandi telur öllum hafa átt að vera ljóst að valdmörk Seðlabanka Íslands væru með þeim hætti að hann gæti ekki sett reglur sem bönnuðu gjaldeyrisviðskipti í öðrum löndum eða banka- og fjármálastarfsemi annars staðar en á Íslandi.

Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir ólögmætri meingerð gegn frelsi sínu, friði og æru við rannsókn og meðferð sakamálsins S-180/2013, sem ákærvaldið og gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands beri ábyrgð á og eigi hann rétt á bótum svo sem aðalkrafa kveður á um.

Stefnandi byggir á því að hann hafi verið í eðlilegri alþjóðlegri fjármálastarfsemi og starfað með heiðarlegum hætti og ekki gerst brotlegur við lög í þeirri starfsemi. Í sýknudómi í máli stefnanda segir, að ákærvaldið hafi í málinu reynt að halda fram þeirri rýmkandi túlkun að, „gjaldeyrisviðskipti á Íslandi“ merkti einnig gjaldeyrisviðskipti í öðrum löndum, en á það féllst fjölskipaður héraðsdómur ekki og því ljóst að aldrei hafi verið ástæða til rannsóknar af hálfu sérstaks saksóknara, Fjármálaeftirlits eða Seðlabanka Íslands hvað stefnanda eða fyrirtæki hans varðaði. Málið hafi verið rekið allt frá upphafi algjörlega án tilefnis. Þannig hafi hann mátt sæta því að þola haldlagningu allra eigna sinna tvívegis um árabíl í hvort skipti fyrir sig allt vegna vanþekkingar og mistaka ákærvalds og gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands.

Í þessu sambandi vísar stefnandi til þess að 29. janúar 2010 hafi 50% eignarhlutur hans í fasteigninni Goðatúni 19 í Garðabæ verið kyrrsettur, auk Suzuki vélhjóls að verðmæti 1.600.000 kr., Pax-60 Lynx vélsleða að verðmæti 1.250.000

kr., Chevrolet Lacetti bifreið að verðmæti 700.000, Husberg vélhjól að verðmæti um 700.000 kr. og Skidoo vélsleði að verðmæti um 1.400.000. Þá hafi verið kyrrsett innstæða á reikningi stefnanda í Arion banka að fjárhæð 577.703. Stefnandi kveðst hafa ætlað að selja öll þau tæki sem kyrrsett voru. Það hafi hins vegar ekki verið unnt fyrir en tveimur árum síðar en þá hafi þau orðið mun verðminni en þau voru þegar þau voru kyrrsett.

Eignir stefnanda hafi síðan verið kyrrsettar á nýjan leik 22. mars 2014 en þá hafi eignarhluti stefnanda í Goðatúni 19 verið kyrrsettur aftur, svo og inneign á bankareikningi hans í Íslandsbanka að fjárhæð 4.403.441 kr. Sú kyrrsetning hafi síðan verið felld niður 24. febrúar 2016 og hinu haldlagða fé skilað með 2,5% ársvöxtum frá kyrrsetningardegi og hafi stefnandi því orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna þeirrar kyrrsetningar.

Af málatilbúnaði stefnanda verður ráðið að krafa hans um fullnaðarbætur á hendur íslenska ríkinu byggist á ákvæðum 228. gr. og 230 gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sbr. nú 246. og 248. gr. sömu laga,. Verður enn fremur ekki annað séð en að stefnandi telji sig einnig geta átt rétt til skaðabóta á grundvelli sakarreglunnar vegna þess sem hann lýsir sem ásetningi og/eða stórkostlegu gáleysi og/eða lögfræðilegri vanþekkingu aðila sem höfðu með rannsókn málsins að gera svo og fóru með ákærvald í málinu. Nafngreinir stefnandi í því sambandi sérstaklega Helga Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari, Arnþrúði Þórarinsdóttur saksóknara og Ingibjörgu Guðbjartsdóttir, framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að þessir einstaklingar hafi vitað eða mátt vita að rannsókn málsins var tilefnislaus um leið og hún hófst eða í síðasta lagi fljótlega eftir það. Þá hafi Ingibjörg Guðbjartsdóttir verið ráðgjafi stefnanda og meðákærðu varðandi gjaldeyrisviðskipti þeirra og hún hafi því mátt vita að ekkert tilefni var til þess að rannsaka eða ákæra stefnanda og meðákærðu í málinu. Þá hafi Arnþrúður Þórarinsdóttir gefið út ákæru algerlega af tilefnislausu. Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari beri síðan ábyrgð á því að hafa gengist fyrir blaðamannafundi við upphaf rannsóknar málsins og nánast sakfelld stefnanda og meðákærðu opinberlega án nokkurs tilefnis eða að gögn væru fyrir hendi sem afsökuðu þau ummæli sem þar voru viðhöfð. Þá beri Helgi Magnús ábyrgð á meðferð málsins að hluta hjá ákærvaldinu og því að hafa áfrýjað málinu af tilefnislausu og látið líða rúmt ár án þess að gögn málsins væru lögð fram í Hæstarétti og málið þingfest. Telur stefnandi að það framferði vararíkissaksóknara varðandi áfrýjun málsins hafi verið af ásetningi eða a.m.k. af stórkostlegu gáleysi af hans hálfu og til þess eins að tefja málið. Þrátt fyrir að í málinu sé ekki gerð krafa á

hendur ofangreindum aðilum telur stefnandi að meðferð málsins af hálfu þessara aðila hafi verið með þeim hætti að útilokað sé að ætla annað en að þau sem að framan eru nefnd hafi gerst sek um réttarbrot gagnvart einstaklingum fyrir ásetning og/eða stórkostlegt gáleysi.

Stefnandi telur sig hafa mátt þola það að vegið var að æru hans og starfsheiðri og hann sakfelldur í beinni útsendingu fjölmiðla þar sem ákærvald og rannsóknaraðilar sakfelldu hann og gerðu honum upp sakir í upphafi rannsóknar, sem hann var síðar sýknaður af og engin fótur var fyrir og hafði aldrei verið fyrir. Allt hafi þetta verið að tilefnislausu og þvert gegn ákvæðum 70. gr. stjórnarskrár og 6.gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, en fyrir tilverknað og vanhæfni ákærvaldsins hafi stefnanda verið haldið í gíslingu ákærvaldsins í 6 ár samfleytt.

Stefnandi hafi síðan þurft að sæta því að eignir hans voru kyrrsettar um árabil og hann hafi því ekki getað nýtt þær eða stundað þá atvinnustarfsemi sem hann hafði sérþekkingu til að inna af hendi við fjármálastarfsemi.

Þá hafi nafn stefnanda verið á alþjóðlegri skrá yfir aðila sem grunaðir voru um peningaþvætti og aðra saknæma háttsemi í fjármálum, sem hafi valdið stefnanda miklum vandræðum þar sem hann þurfi enn að sýna fram á að hann sé saklaus af öllum ávirðingum. Fjármálastofnanir vítt og breytt um heiminn hafi ekki viljað eiga viðskipti við aðila sem legið hafi undir grun vegna fjármálamisferlis og peningaþvættis og það taki langan tíma að endurvinnna traust slíkra stofnana eftir að lögreglurannsókn og ákæra hafi verið gefin út. Skipti þá iðulega ekki sköpum þó að stefnandi geti sýnt fram á sakleysi sitt.

Stefnandi hafi mátt þola stöðu grunaðs manns í 3 ár frá því að hann var sakfelldur opinberlega á fyrrgreindum blaðamannafundi þar sem bornar voru á hann ávirðingar af rannsóknaraðilum og ákærvaldi opinberlega, sem ekki komu síðar fram í ákæru. Síðar mátti stefnandi þola að vera í stöðu ákærðs í önnur 3 ár og gat ekki sýnt fram á sakleysi sitt fyrr en dómur gekk í héraðsdómi Reykjaness 18. desember 2014 eða tæpum 5 árum eftir að hann var sakfelldur á opinberum blaðamannafundi ákærvaldsins. Öll sú aðferðarfræði hafi farið í bága við grunnreglur réttarríkisins um að hver einstaklingur skuli teljast saklaus þangað til sekt hans er sönnuð. Stefnandi hafi mátt þola að vera sakfelldur af almenningi, gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands og ákærvaldi í 6 ár eða frá upphafi rannsóknar og það á sérstökum blaðamannafundi sem rannsóknaraðilar boðuðu til sama dag og hann var handtekinn, allt til þess að endanleg niðurstaða fékkst í málið með sýknu stefnanda.

Stefnandi telur sérstaklega ámælisvert að ákærvaldið hafi haldið honum „í gíslingu“ allan þann tíma sem áfrýjunarfrestur stóð og raunar lengur þar sem

ákærvaldið hafi gefið út áfrýjunarstefnu en ekki þingfest málið. Telur stefnandi þetta hafa verið algerlega ófyrirsynju þar sem ótvíráður dómur fjölskipaðs héraðsdóms Reykjaness frá 18. desember 2014 hafi legið fyrir og þar hafi með einföldum hætti verið sýnt fram á að aldrei var nokkur fótur fyrir ákæru á hendur honum og aldrei ástæða til að grípa til aðgerða gegn honum.

Stefnandi telur að rangar sakargiftir og ákæra hafi eyðilagt einkalíf hans þann tíma sem rannsókn málsins stóð og geri enn að verulegum hluta. Þá hafi aflahæfi hans verið eyðilagt eða a.m.k. verulega skert vegna rangra sakargifta í málinu.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sbr. 230. gr. sömu laga, auk b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt síðastnefnda ákvæðinu er heimilt að gera þeim sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns að greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Stefnandi telur ekki tilefni til að lækka eða fella niður bætur þar sem hann hafi hvorki valdið né stuðlað að þeim aðgerðum sem hafðar voru í frammi gagnvart honum. Stefnandi telur sig hafa verið borin röngum sökum og lögregluþyriföld, rannsóknaraðilar og ákærvald hafi farið offari í málinu hvað hann varðar. Að mati stefnanda verður að taka tillit til þess harðræðis og álitshnekkis sem hann varð fyrir við mat á miskabótum honum til handa sem og þeim langa tíma sem meðferð málsins stóð. Stefnandi telur að verði fallist á aðalkröfu hans þá fái hann miska sinn bættan að verulegu leyti. Ákveðnir hlutir sé þess eðlis að þeir verði ekki bættir með fjármunum.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnandi er þess krafist að dómurinn fallist á að hann eigi rétt á greiðslu annarrar og lægri bótafjárhæðar samkvæmt mati dómsins. Forsendur bótakröfunnar og málsástæður eru þær sömu og varða aðalkröfu, enda er einungis um að ræða spurning um fjárhæð bóta stefnanda til handa.

### *Málsástæður stefnda*

Stefndi telur að hlutlæg ábyrgð íslenska ríkisins samkvæmt 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 verði ekki reist á öðrum aðgerðum lögreglu en þeim sem þar er vísað er vísað til. Á meðal aðgerða sem fjallað er um í stefnu og sem til greina kæmi að fella undir hlutlægu bótaregluna eru aðgerðir sem fólust í því að stefnandi var handtekinn og færður til yfirheyrslu í framhaldi af húsleit á heimili hans og á skrifstofu auk þess sem tilteknar eignir hans voru kyrrsettar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að umræddar aðgerðir hafi fullnægt öllum lagaskilyrðum og voru eins og atvikum var háttað hvorki tilefnislausar né úr hófi.

Hvorki stefnandi né samverkamenn hans leituðust við að upplýsa málið með viðeigandi hætti hjá lögreglu auk þess sem starfsemin beindist að því að sniðganga reglur um fjármagnshöft og hagnast þannig á kostnað alls almennings með starfsemi sinni. Þannig telur stefndi að stefnandi og samverkamenn hans hafi stuðlað að aðgerðunum gegn sér.

Ef ekki yrði á það fallist að stefnandi hafi firrt sig bótarétti bendir stefndi á að í stefnu er ekki að finna neina tölulega útlistun/sundurliðun sem varpar ljósi á það hvernig miskabótakrafa stefnanda er mynduð, auk þess sem fjárhæð aðalkröfu er úr öllum tengslum við dómaframkvæmd á þessu sviði. Þá sé tjón stefnanda með öllu ósannað auk þess sem stefnandi hafi ekki leitt líkur að því að hann hafi verið frekar útsettur fyrir tjóni en aðrir sem sætt hafa slíkum aðgerðum. Engin gögn liggja frammi um tekjuöflun stefnanda yfirleitt og alls óljóst hvaða áhrif þessar aðgerðir höfðu á möguleika hans til tekjuöflunar. Þá hafi stefnandi ekki lagt fram gögn um að hann hafi beðið fjártjón vegna kyrrsetningar umfram þær miskabætur sem kunni kann að eiga rétt til.

Stefndi skilur málatilbúnað stefnanda svo að stefnandi reki mestan hluta tjóns síns til yfirlýsinga sem fram komu á blaðamannafundinum í lok janúar 2010 af hálfu fulltrúa hlutaðeigandi stjórnvalda og hugsanlega einnig til tafa sem urðu á meðferð sakamálsins. Í því sambandi áréttar stefndi að bætur á þeim grunni geta ekki komið til álita nema að uppfylltum skilyrðum almennu sakarreglunnar sem og skilyrðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, þar sem mál þetta er rekið sem miskabótamál. Stefndi hafnar því hins vegar að til skaðabótaskyldu hafi stofnast á þessum grunni, hvort heldur vegna fjártjóns eða miska.

Stefndi bendir á að upplýsingar sem fram komu við rannsókn málsins veiti áreiðanlega vitneskju um starfsemi Aserta AB og þann ávinning sem stefnandi og aðrir sakborningar höfðu af henni, sjá m.a. framburð stefnanda við aðalmeðferð í héraði. Starfsemi félagsins hafi falist í að hlutast til um gjaldeyrisviðskipti fyrir einstaklinga og lögaðila þar sem erlendum gjaldeyri var skipt í innlendan gjaldeyri og hann afhentur hér á landi. Viðskiptin hafi að meginstefnu til gengið út á það að mótaðili sem hafði tengsl við Ísland myndi afhenda upphæð í erlendum gjaldeyri á reikning félagsins hjá erlendum banka og félagið myndi á móti afhenda íslenskar krónur á reikning mótaðila hjá íslenskum banka á Íslandi. Aðalseljendur íslenskra króna til Aserta AB hafi verið Skandinaviska Enskilda Banken (og fjárfestingarsjóðurinn Drake Management LLC í New York í Bandaríkjunum en með hliðsjón af kjörum í þeim viðskiptum ákváðu sakborningarnir hvaða kjör þeir buðu mótaðilum sínum. Sakborningarnir voru því raunverulegir eigendur þeirra innlendu og erlendu félaga sem viðskiptin voru rekin í gegnum og nutu alls

ávinning af starfseminni en sá ávinningur byggðist á gengismun milli kaup- og sölugengis. Með öðrum orðum myndaði munurinn á því gengi sem sakborningarnir keyptu íslenskar krónur á og því gengi sem þeir buðu mótaðilum sínum hagnað þeirra af hverjum viðskiptum.

Af hálfu stefnda er vísað til þess að í tilkynningu Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins 11. nóvember 2009 hafi m.a. komið fram að yfirlit yfir fjármagnshreyfingar á reikningi Aserta AB hefðu vakið sterkan grun um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti, en fyrir lá að félaginu var óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi, sbr. 8. gr. laga um gjaldeyrismál. Upplýsingarnar bentu til þess að um miðlun fjármagns hafi verið að ræða þar sem erlendum gjaldeyri væri skipt í íslenskar krónur á aflandsmarkaði sem í framhaldinu voru fluttar til Íslands og afhentar mótaðilum þar. Við rannsókn málsins hafi síðan komið fram samningar sem gerðir voru við viðskiptavini félagsins sem mæltu fyrir um að félagið hlutaðist til um gjaldeyrisviðskipti og afhendingu íslenskra króna á Íslandi auk þess sem rökstuddar vísbendingar voru uppi um að starfsemin væri rekin hér á landi. Jafnframt var talið að háttsemi þeirra sem stóðu að starfseminni kynni að brjóta gegn 4. mgr. 1. gr. reglna nr. 1130/2008, um gjaldeyrismál.

Stefndi vísar til þess að rannsókn málsins hafi verið umfangsmikil og leitt í ljós flókið félaganet sem rannsakendur og handhafar ákærvalds höfðu réttmæta ástæðu til að ætla að sakborningarnir hefðu lagt á ráðin um í því skyni að sniðganga reglur um fjármagnshöft. Ein hliðaráhrif fjármagnshaftanna voru þau að gjaldeyrismarkaður hafði skapast fyrir íslenskar krónur erlendis (aflandsmarkaður) þannig að til varð tvöfalt gengi á íslensku krónunni, annars vegar á þeim markaði og hins vegar á opinberum gjaldeyrismarkaði hér á landi. Gengismunurinn hafi að jafnaði verið svo mikill fyrst eftir setningu haftanna þegar bankahrunið á Íslandi var nýafstaðið, að hann gat numið tugum prósentu. Með því að nýta sér þann mismun á gengi krónunnar sem var á aflandsmarkaði og hinum opinbera markaði hafi aðilar getað hagnast verulega.

Í ákæru hafi meginsakarefnið verið talið varða við 1. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, og 4. mgr. 1. gr. reglna nr. 1130/2008, um gjaldeyrismál og var ætlað brotatímabil talið hafa staðið frá 25. mars 2009 til 2. nóvember sama ár. Þar hafi einnig komið fram að á því tímabili hefði stefnandi ásamt meðákærðu tekið við samtals 771 innborgunum í erlendum gjaldeyri frá samtals 84 mótaðilum. Voru viðskiptin og fjármagnsflutningar þeim tengd samtals talin hafa numið 14,3 milljörðum kr. og að heildartekjur ákærðu hefðu numið minnst 656 milljónum kr. Starfsemi ákærðu hafi verið talin hafa verið staðsett hér á landi að stórum hluta, þar sem þeir höfðu fasta skrifstofu og rekstur vegna starfsemi sinnar. Um sakargiftirnar

má að öðru leyti vísa til ákæru, en af greindum ástæðum við meðferð sakamálsins féll ákærvaldið frá því að ákæra fyrir brot gegn 4. mgr. 1. gr. reglna um. Stefndi áréttar í því samhengi að hvað sem líður vangaveltum um hvort umræddar reglur hafi verið gild refsheimild vegna skorts á formlegu samþykki ráðherra hafi efnislega samhljóða reglu verið að finna í reglum nr. 1082/2008, sem reglum nr. 1130/2008 var ætlað að leysa af hólmi. Því megi má ætla að reglan hafi verið í gildi á brotatímabilinu enda ekkert sem bendi til þess að löggjafinn hefði á þeim tíma breytt afstöðu sinni til nauðsyn hafta.

Stefndi vísar til þess að eins og fram kom í bréfi Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins frá 11. nóvember 2009 var talið að umfang starfseminnar hefði haft umtalsverð neikvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar og efnahagslífið hér á landi. Þetta leiddi til þess að gengi íslensku krónunnar féll og þurfti Seðlabankinn ítrekað að nýta gjaldeyrisvaraforða til að halda í við gengisfallið, þ.e. allt þar til reglur nr. 880/2009, um gjaldeyrismál, tóku gildi í lok október 2009. Ríkis almannahagsmunir hafi því þannig legið til grundvallar að sú hringrás fjármagns sem fólst í starfsemi Aserta AB yrði rannsökuð, enda var með henni gengið gegn meginmarkmiðum fjármagnshaftanna.

Stefndi mótmælir því að fulltrúar stjórnvalda hafi á blaðamannafundinum í lok janúar 2010 eða í fjölmiðlum lýst yfir sekt sakborninganna með þeim hætti sem stefnandi heldur fram. Megintilgangur fundarins hafi verið að koma á framfæri þeim skilaboðum að stjórnvöld litu ætlaða brotastarfsemi alvarlegum augum með tilliti til þeirra almannahagsmuna sem í húfi voru. Hvorki lögregla, ákærvald eða önnur stjórnvöld hafi getað borið ábyrgð á því hvernig fjölmiðlar kusu að haga umfjöllun sinni eftir að hafa komist að því hvaða einstaklingar áttu í hlut. Hugsanlega hafi aðrir aðilar, s.s. þeir sem átt höfðu í viðskiptum við Aserta AB og fylgdust með fundinum, áttað sig hverjir þetta voru en nöfn þeirra voru ekki nefnd á umræddum blaðamannafundi.

Stefndi hafnar því jafnframt að tafir á meðferð sakamálsins verði virt þeim sem unnu að henni til sakar á þann hátt að leiði til bótaskyldu. Þegar slíkur dráttur þykir hafa átt sér stað hafa dómstólar að öðru jöfnu tekið tillit til slíkra atriða við ákvörðun refsingar. Bent skal á að tafir á rannsókn málsins leiddu til þess að kyrrsetning á eignum stefnanda var felld niður í kjölfar Hæstaréttardóma í málum nr. 682-685/2011. Ákvörðun handhafa ákærvalds um að áfrýja ekki sýknudómnum megi öðrum þræði rekja til þess tíma sem rannsóknin tók. Tafir á meðferð sakamála veita sakborningi ekki sjálfstæðan rétt til bóta, sbr. t.d. Hrd. nr. 818/2013, enda ýmislegt sem getur haft áhrif þar á annað en sök þeirra sem að henni starfa. Rannsókn málsins var ekki frábrugðin ýmsum öðrum

efnahagsbrotamálum að því leyti að hún var flókin og umfangsmikil.

#### IV. Niðurstaða dómsins

##### 1. Bótaskylda samkvæmt ákvæði 246. gr. laga nr. 88/2008

Í málatilbúnaði stefnanda kemur fram að hann sætti aðgerðum samkvæmt X., XII. og XIII. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, í þágu rannsóknar máls, sem var síðan var að hluta fellt niður gagnvart honum að hluta með bókun ákærvaldsins í þinghaldi sakamáls fyrir Héraðsdómi Reykjaness 5. maí 2014 og með yfirlýsingu ákærvaldsins við upphaf aðalmeðferðar málsins. Þá var stefnandi sýknaður af öðrum sakargiftum í málinu með dómi Héraðsdóms Reykjaness 18. desember 2014 en eins og áður greinir féll ákærvaldið frá áfrýjun málsins 19. febrúar 2016.

Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, sbr. áður 228. gr. sömu laga, á maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta úr hendi íslenska ríkisins ef mál hans er fellt niður, eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sömu lagagreinar er tekið fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða eftir IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði fyrstu málsgreinarinnar eru fyrir hendi. Þar er þó einnig tekið fram að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem krafa hans er reist á. Loks segir í 4. mgr. 246. gr., að bæta skuli bæði fjártjón og miska samkvæmt greininni ef því er að skipta.

Af framangreindum ákvæðum verður ráðið að stefnandi þurfi að uppfylla tvenns konar skilyrði til að eiga rétt til greiðslu bóta. Annað skilyrðið, sem ágreiningslaust er að stefnandi uppfyllir, er að mál hans hafi verið fellt niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi. Hitt skilyrðið er að stefnandi geti rakið tjón sitt til aðgerða sem hann var beittur samkvæmt ákvæðum IX. – XIV. kafla laga nr. 88/2008. Uppfylli stefnandi þessi skilyrði á hann rétt til greiðslu bóta, en háttsemi hans sjálfs við rannsókn málsins kann þó að leiða til lækkunar þeirra.

Af málatilbúnaði stefnanda er ljóst að tjónið stefnandi telur einkum að rekja megi til atvika sem falla undir 246. gr. stafa af því að eignir hans hafi verið kyrrsettar um árabíl með þeim afleiðingum að hann gat ekki nýtt þær eða stundað atvinnustarfsemi sem hann hafði sérþekkingu til að inna af hendi. Þá hefur hann einnig vísað til þess að hann hafi verið handtekinn og færður til yfirheyrslu í framhaldi af húsleit á heimili hans. Við aðalmeðferð málsins var af hálfu stefnanda einnig vísað til þess að hann hefði sætt símhlustun samkvæmt ákvæðum XI. kafla

laga nr. 88/2008. Þar sem stefndi mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni kemur hún ekki til umfjöllunar í þessu máli, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, enda var ekki getið um þessa málsástæðu í stefnu málsins.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 88/2008 getur lögregla krafist kyrrsetningar hjá sakborningi til tryggingar á greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, sem aflað hefur verið með broti, ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun. Þá segir í 2. mgr. 88. gr. að um framkvæmd og gildi kyrrsetningar samkvæmt þessari grein fari sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, með þeim undantekningum að tryggingu þurfi ekki að setja, mál þurfi ekki að höfða til staðfestingar kyrrsetningu og gjöld skuli ekki greiða fyrir ráðstafanirnar.

Þegar tekin er afstaða til bótakröfu stefnanda vegna kyrrsetningar á eignum hans sem um ræðir í þessu máli er ekki unnt að draga fjöður yfir það að stefnandi hefur engin gögn lagt fram um fjárhagslegt tjón sem verður rakið til kyrrsetninganna, t.d. í formi matsgerðar um þá rýrnun á verðmæti eigna sem kyrrsetningin 29. janúar 2010 beindist að og stefnandi kveðst hafa ætlað að selja. Raunar hefur stefnandi enn fremur hvergi í málatilbúnaði sínum gert grein fyrir því eða lagt fram gögn um hvaða viðskiptahagsmunir hafa tapast vegna kyrrsetninganna, hvort sem það er kyrrsetningin í janúar 2010 eða kyrrsetningin sem hann sætti 22. mars 2014. Þótt hafa megi hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990, við ákvörðun bóta vegna kyrrsetningar, um að heimilt sé að dæma skaðabætur vegna kyrrsetningargerðar að álitum, þá er það engu að síður forsenda þess að unnt verði að beita þeim sjónarmiðum sem þar koma fram að sá sem sætti kyrrsetningunni hafi gert líklegt að hann hafi orðið fyrir tjóni, sem ekki hafi þegar verið bætt. Í því samhengi er rétt að geta þess að í málatilbúnaði stefnanda kemur fram að honum hafi verið skilað kyrrsettu fé 24. febrúar 2016 með 2,5% ársvöxtum í kjölfar þess að síðari kyrrsetningin felld niður, án þess þó að fram hafi komið af hálfu stefnanda að hvaða leyti þeir vextir hafi verið óviðunandi til að bæta tjón hans.

Þá hefur stefnandi í engu leitast við að sýna fram á hvaða fjárhagslega tjón megi rekja til handtöku hans eða þeirrar húsleitar sem gerð var hjá honum. Verður þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að því leyti sem þær varða meint fjárhagslegt tjón hans með vísan til 246. gr. laga nr. 88/2008.

Af málatilbúnaði stefnanda verður einnig ráðið að hann krefjist bóta vegna miska sem hlaust af aðgerðum lögreglu í þágu rannsóknar málsins, handtöku og húsleit og kyrrsetningu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en húsleitinn hjá stefnanda hafi farið fram samkvæmt dómsúrskurði á grundvelli 74. gr. og 75. gr.

laga nr. 88/2008, en samkvæmt 3. mgr. 74. gr. er það skilyrði fyrir húsleit að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt getur ákæru og að sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi. Þá verður enn fremur ekki annað séð en að stefnandi hafi verið handtekinn á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008, þar sem segir að lögreglu sé rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Kyrrsetningin fór sem fyrr segir fram á grundvelli 88. gr. laganna.

Þegar tekin er afstaða til þess hvort stefnanda hafi verið gerður miski með þessum aðgerðum lögreglu verður dómurinn einnig að horfa til þess hvort stefnandi hafi í skilningi 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 stuðlað að rannsóknaraðgerðum lögreglu gagnvart sér. Í því sambandi verður ekki hjá því litið að yfirlýsingar stefnanda í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu þann 29. janúar 2010 um tengsl hans við Aserta AB á því tímabili sem rannsókn málsins tók til voru um margt óljósar og ótrúverðugar. Þannig kvaðst stefnandi einungis hafa verið í stjórn Aserta nokkrar vikur á árinu 2009 frá í byrjun mars. Auk þess hefði hann verið prókúru á því ári en hann myndi ekki hvenær það hefði verið. Í síðari tveimur yfirheyrslunum neitaði hann alfarið að tjá sig.

Í ljósi þess sem að framan er rakið um tildrög rannsóknar lögreglu og viðbrögð stefnanda í yfirheyrslum er það mat dómsins að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að nokkru að þeim þvingunaraðgerðum sem beindust að honum og hans hagsmunum í skilningi 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Er af þessum sökum hafnað miskabótakröfu hans að því leyti sem hún varðar upphafsáðgerðir lögreglu, þ.e. vegna handtöku og yfirheyrslu 29. janúar 2010 auk húsleitar og leitar í bifreiðum hans sama dag og haldlagningar muna í kjölfar þeirra aðgerða. Í ljósi þess að stefnandi neitaði að tjá sig við síðari yfirheyrslur í málinu verður enn fremur að hafna miskabótakröfu hans vegna kyrrsetningar. Ekki verður heldur séð að aðgerðirnar hafi verið tilefnislausar að öðru leyti en nánar er vikið að málsástæðum stefnanda um það atriði í kafla IV.2 hér á eftir. Eru því ekki skilyrði að lögum til þess að stefnandi geti krafist miskabóta úr hendi stefnda vegna handtöku, húsleitar og kyrrsetninga á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 28. maí 2015 í máli nr. 802/2014. Er kröfum hans því hafnað að því leyti sem þær byggjast á 246. gr. laga nr. 88/2008.

## **2. Aðrar bótakröfur stefnanda**

Eins og að framan er rakið er það skilyrði fyrir greiðslu bóta samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008, að tjón og miski verði rakin til aðgerða á grundvelli IX. – XIV. kafla laganna. Stefnandi hefur hins vegar í málatilbúnaði sínum byggt á því að hann hafi ekki einungis beðið tjón vegna aðgerða sem falla undir ákvæði 246. gr. heldur að honum hafi einnig verið bakað tjón með ýmsum öðrum athöfnum lögreglu og ákærvalds. Hefur stefnandi þá einkum vísað til blaðamannafundar sem rannsakendur málsins héldu en stefnandi telur sig hafa verið sakfelldan með opinberum hætti á þeim fundi. Þá telur stefnandi að hann hafi verið færður til rannsóknar og ákærður „vegna mögulegrar meinfýsi, handvammur og takmarkaðrar þekkingar starfsfólks sérstaks saksóknara, Fjármálaeftirlitsins og gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands“. Byggir þá stefnandi að hann eigi rétt til greiðslu skaðabóta á grundvelli sakarreglunnar vegna „ásetnings og/eða stórkostlegs gáleysis og/eða lögfræðilegrar vanþekkingar“ nafngreindra aðila sem höfðu með rannsókn málsins að gera svo og fóru með ákærvald í málinu.

Fallast má á með stefnda að maður sem sakaður hefur verið um refsiverða háttsemi eigi ekki aðeins rétt á bótum úr hendi stefnda á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 2. mgr., sbr. 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, heldur einnig samkvæmt sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Skilyrði þess að bótaábyrgð verði komið fram með þeim hætti er þó að lögreglumenn, handhafar ákærvalds eða aðrir ríkisstarfsmenn hafi með ólögætum og saknæmum hætti valdið honum tjóni sem ekki fellur undir gildissvið fyrstnefndu reglunnar. Þá verða sökuðum manni því aðeins dæmdar miskabætur á þessum grunni að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi þess, sem varð valdur að því, sbr. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, ellegar ólögætri meingerð, sem beinst hefur gegn frelsi, friði, æru eða persónu hans, sbr. b-lið sömu málsgreinar, en stefnandi hefur vísað til síðastnefnda ákvæðisins í málatilbúnaði sínum fyrir dómi.

Að því leyti sem krafa stefnanda um fjárhagslegt tjón byggist á sakarreglunni þá er málatilbúnaður stefnanda sama marki brenndur og málatilbúnaður hans samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 að því leyti að hann hefur ekki fært fyrir dóminn nein gögn sem varpa ljósi umfang fjárhagslegs tjóns hans. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt að hafna þegar af þeirri ástæðu kröfum hans um skaðabætur vegna fjárhagslegs tjóns vegna saknæmrar og ólögætrar háttsemi.

Af málatilbúnaði stefnanda verður annars að öðru leyti ráðið að hann reki miska sinn m.a. til blaðamannafundarins sem efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gekkst fyrir 29. janúar 2010 sem hafi valdið honum mannorðsmissi og erfiðleikum, enda hafi hann og samstarfsmenn verið sakfelldir í nánast beinni útsendingu. Auk þess hefur stefnandi byggt á að málarekstur lögreglu og ákærvalds á hendur honum hafi nánast alfarið farið fram gegn betri vitund nokkurra þeirra starfsmanna

sem komu að málinu, enda hafi þeim átt vera ljóst að í upphafi rannsóknar að ekkert tilefni var til aðgerða á hendur honum, auk þess sem ákærvaldið hafi áfrýjað málinu að ófyrirsynju.

Að því varðar málsástæður stefnanda um blaðamannafundinn 29. janúar þá er mælt fyrir um það í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, en vísað er til þessa ákvæðis í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995.

Skýra verður þessi ákvæði með þeim hætti að það kunni að brjóta í bága við fyrirmæli þeirra ef handhafar opinbers valds lýsa mann sekan um refsiverðan verknað, áður en sekt hans hefur verið slegið fastri með dómi, sjá hér m.a. til hliðsjónar dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í í máli Daktaras gegn Litháen frá 10. október 2000, í máli Butkevicius gegn Litháen frá 26. mars 2002 og í máli Freimanis og Lidums gegn Lettlandi frá 9. febrúar 2006 og þá dóma sem þar er vitnað til.

Við mat á því hvort yfirlýsingar opinberra starfsmanna um sekt einstaklings brjóti í bága við 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu verður einkum að horfa til þess orðalags sem notað er í slíkum yfirlýsingum í ljósi atvika málsins hverju sinni ásamt því að horfa til þess hvar og hvernig orðin voru fram sett og af hvaða tilefni, sbr. m.a. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Karaman gegn Þýskalandi frá 27. febrúar 2014, 41. mgr. og þá dóma sem þar er vitnað til.

Með hliðsjón af rétti almennings til að taka við upplýsingum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans hefur enn fremur verið talið í dómaframkvæmd dómstólsins að lögreglu og opinberum starfsmönnum sé heimilt að upplýsa almenning um rannsókn sakamála svo framarlega sem gætt er nauðsynlegrar varfærni í yfirlýsingum með tilliti til meginreglunnar sem sett er fram í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Í því samhengi verður að gera greinarmun á ummælum þar sem fullyrt er að sakborningur sé sekur um ákveðinn verknað og ummælum þar sem lýst er grunsemdum um að hann hafi framið verknaðinn. Ummæli af fyrrnefnda taginu hafa þá verið talin fara í bága við meginreglu 2. mgr. 6. gr. en ummæli af síðarnefndum toga ekki, sjá hér dóm Mannréttindadómstólsins frá 6. febrúar 2007 í máli nr. 14348/02 í máli Garycki gegn Póllandi, 67. til 69. mgr. og þá dóma sem þar er vitnað til.

Þegar litið er til þeirra ummæla sem höfð voru frammi um þær grunsemdir sem beindust að stefnanda og öðrum á blaðamannafundinum 29. janúar 2010 og

vitnað er til í kafla II hér að framan, en endurrit fundarins liggur fyrir í gögnum málsins, þá verður ekki séð hin tilvitnuðu ummæli hafi farið yfir þau mörk sem lögð hafa verið til grundvallar í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og dómurinn telur rétt að horfa til við túlkun á ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Í því sambandi verður að leggja áherslu á að ekki var fullyrt á fundinum að stefnandi hefði gerst sekur um þau brot sem honum voru gefin að sök. Þá var stefnandi heldur ekki nafngreindur á fundinum. Þótt félagið Aserta AB, sem stefnandi tengdist, hafi verið nefnt á fundinum getur dómurinn ekki litið framhjá því að stefnandi var ekki formlega tengdur félaginu á þeim tíma sem fundurinn átti sér stað. Af þeim sökum ekki unnt að líta svo á að nafngreining félagsins hafi verið ígildi þess að stefnandi væri nafngreindur.

Að því er varðar kröfu stefnanda um bætur vegna miska á þeim forsendum að rannsókn lögreglu, ákæra og síðari málsmeðferð handhafa ákærvalds hafi verið án tilefnis þá verður ekki hjá því komist að benda á að lögregla og handhafar ákærvalds njóta verulegs sjálfsstæðis að lögum um hvaða mál þau taka til rannsókna og höfða til refsingar samkvæmt með ákæru. Af því leiðir jafnframt að lögregla og handhafar ákærvalds njóta ákveðins svigrúms við mat á því hvaða mál verði rannsökuð og látin sæta ákæru og sætir það mat að jafnaði ekki endurskoðun dómstóla, sjá hér til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 8. maí 2008 í máli nr. 207/2008. Í ljósi þessa verður að ganga út frá því að lögregla og ákærvald baki sér almennt ekki fébótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar og utan gildissviðs bótareglna laga nr. 88/2008 vegna rannsókna mála og meðferðar ákærvalds nema sýnt sé fram á að mat þeirra að þessu leyti hafi verið bersýnilega óforsvaranlegt.

Í ljósi þess sem að framan er rakið verður ekki talið að rannsókn lögreglu og málsmeðferð ákærvalds í kjölfarið hafi byggst á bersýnilega óforsvaranlegu mati um hvort tilefni væri til rannsóknarinnar og frekari meðferðar málsins. Verður því ekki fallist á að þessar aðgerðir hafi valdið stefnanda miska með ólögumætum og saknæmum hætti sem stefndi beri ábyrgð á. Verður því að hafna málsástæðum stefnanda hvað þetta atriði varðar. Í því samhengi telur dómurinn þó rétt að benda á að stefnandi hefur ekki í málatilbúnaði sínum byggt á því að rannsókn málsins hafi verið tilefnislaus að því leyti sem hún tók til brota á reglum nr. 1130/2008 um gjaldeyrismál sem lögbundið samþykki ráðherra skorti fyrir. Málatilbúnaður hans hefur þvert á móti miðast við að rannsóknin hafi verið tilefnislaus á þeirri forsendu að gjaldeyrisviðskiptin hafi farið fram erlendis.

Með tilliti til atvika málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu og verður allur kostnaður af rekstri þess lagður á ríkissjóð, þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Jóns Magnússonar, sem þykir að teknu tilliti til umfangs málsins hæfilega ákveðin 700.000 krónur. Hefur þá

ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknað af kröfu stefnanda, Karls Jóhannssonar.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin máflutningsþóknun lögmanns hans, Jóns Magnússonar, 700.000 krónur.

Kjartan Bjarni Björgvinsson (sign.)